

Tíundi fundur haldinn á Breiðabliki fimmtudaginn 16. ágúst 2018 kl. 21:00

Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð. Ragnhildur Sigurðardóttir situr fund undir lið 1.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Breiðablik. Ragnhildur og Eggert fóru yfir stöðuna með Gestastofu í Breiðabliki og kynntu áframhaldandi starfsemi.
2. Endurskoðun á aðalskipulaginu. Samþykkt að taka hverfisvernd út úr aðalskipulaginu en minjar njóta verndar í lögum og þeim ferlum sem tilheyra skipulagsferlinu. Jafnframt er samþykkt að taka út iðnaðarsvæði I-999 vegna hagsmunaárekstra og vegna ásýndar sveitarfélagsins svona nálækt þjóðveginum.
3. Námskeið fyrir kjörna fulltrúa 7. september.
4. Tölvupóstur frá skipulags og byggingarfulltrúa þar sem hann óskar eftir því að hætta ekki seinna en í lok september. Oddvita falið að vinna í málinu.
5. Laugargerðisskóli – áframhald. Samþykkt að fá Ómar Pétursson til að uppfæra teikningar af skólanum og setja á tölvutækt form.
6. Stjórnarmaður í Brákarhlíð. Samþykkt að Guðsteinn Einarsson verði fulltrúi Eyja og Miklaholtshrepps og Skorradalshrepps eins og verið hefur.

Lagt fram til kynningar.

7. Fundargerð skóla og fræðslunefndar frá 9. ágúst 2018
8. Fundargerð fjallskilaneftndar frá 15. Ágúst 2018
9. Fjallskilaseðill fyrir haustið 2018.

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)